

Erindi: Umsókn til Mennta- og menningarmálaráðuneytis um styrk úr verkefnasjóði skólasamninga fyrir árið 2010.

Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) sækir hér með um styrk úr verkefnasjóði skólasamninga fyrir árið 2010.

Tilgangur og markmið

Tilgangur verkefnisins er að þróa framhaldsskólapróf í VMA sem mun taka mið af nýjum lögum um framhaldsskóla. Jafnframt er tilgangur verkefnisins að auka námsframboð og búa til nýjar námsleiðir fyrir nemendur sem ekki hyggja á hefðbundin námslok sem þegar er boðið upp á í skólanum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að allir nemendur sem ljúka 90 fein frá skólanum fái framhaldsskólaskírteini.

Um er að ræða tvenns konar leiðir sem stjórnendur skólans hafa hug á að þróa fráist til þess styrkur og stuðningur ráðuneytisins.

Lýsing á verkefninu

Verkefnið er tvíþætt og nær til flestra kennslusviða innan VMA. Frumkvæðið hefur komið að miklu leyti frá kennurum og stjórnendum skólans sem hafa sýnt framsýni og þor til að takast á við ný verkefni.

Framhaldsskólapróf með áherslu á notkun vinnuvéla

Hér sjáum við fyrir okkur nám á 1. þrepi þar sem áhersla verður lögð á notkun vinnuvéla. Við námslok ætti nemandi að vera betur undir það búinn að vinna í fyrirtækjum þar sem vinnuvélaréttindi væru skilyrði ásamt því að fá þekkingu á lagerstörfum, skyndihjálpi, upplýsingatækni og þjónustulund.

Námið gæti líka nýst nemendum sem hyggja á frekara nám s.s. í málm- og véltæknigreinum auk þess sem námið yrði metið inn á aðrar brautir sem á eftir að úrfæra frekar.

Verkefnið verður unnið í samvinnu við Vinnueftirlitið og fyrirtæki í bænum um samvinnu tengt þessu námi.

Fyrstu tillögur gera ráð fyrir því að nemendur ljúki frumnámskeiði fyrir vinnuvélaréttindi. Aðrir áfangar er t.d.:

✓ Samskipti á vinnustað	✓ Skyndihjálp
✓ Umgengni og létt viðhald við vélar og tæki	✓ Íslenska með áherslu á læsi, skrift og að fylla út verkbeiðnir
✓ Lagerstörf og umgengni á verkstæðum	✓ Vélgæsla og innviði véla
✓ Málmsuða og verkfærafræði	✓ Enska með áherslu á talað mál
✓ Stærðfræði með áherslu á mælingar og helstu hugtök sem tilheyra vinnuvélum	✓ Upplýsingalæsi með áherslu á að leita að upplýsingum tengt flutningsgreinum, vélum og þjónustu
✓ Réttindi og skyldur (kjarasamningar)	✓ Undirbúningur fyrir bílpróf
✓ Íþróttir (hreyfing)	✓ Lífsleikni (ef nemendur eru nýnemar)

Lengd náms: 90-120 f-einingar.

Skólinn þarf að vinna þetta nám í samvinnu við Vinnueftirlitið og fyrirtæki í bænum. Skólinn hefur góða aðstöðu til námsins þar sem hægt er að samtvinna námið við grunndeild málm- og véltæknigreina, bifvélavirkjun og mikla reynslu kennara í kennslu á ýmsum brautum þá sérstaklega á almennri braut. Jafnframt er hægt að hugsa sér samvinnu við Vinnumálastofnun til að koma til móts við þarfir ungra atvinnulausra einstaklinga.

Framhaldsskólaskírteini fyrir alla nemendur sem ljúka 90 fein

Aðalmarkmið er að þróa skírteini sem viðurkennir að allt nám í VMA sem nær ákveðnum einingafjölda (viðmiðið verður líklega 90 fein) hafi skilað nemandanum einhverjum þroska, hæfni og þekkingu.

Námið verður að mestu á 1. þrepi en nær í einhverjum tilfellum upp á 2. þrep.

Hér þarf að koma skýrt fram að VMA vill afhenda öllum nemendum á öllum námsbrautum slíkt skírteini. Hér er alls ekki rætt um skírteini sem einungis þeir fá sem ekki ljúka öðru námi.

Undirmarkmið:

Einingalágmark:

Að til verði skírteini um nám í VMA sem segi til um að viðkomandi nemandi hafi lokið 90 f-einingum. Fyrst og fremst verði miðað við að engu máli skipti hverskonar nám sé um að ræða. Hér geti fengist VMA-skírteini þótt um enga sérstaka sérhæfingu sé að ræða.

Samfella í námi:

Að skilgreindar verði kröfur um samfellu í námi og ástundum til að slíkt skírteini fáiist. (Rætt hefur verið um að þessum 90 einingum verði lokið á ekki lengri tíma en fjórum samhangandi önnum hvort sem nemandinn er í VMA allar annirnar eða ekki.)

Nám í VMA:

Að kröfur sem gerðar eru til náms sem telst til þessa skírteinis séu eingöngu þær að náminu sé lokið í VMA (þó má hugsa sér að við sérstakar aðstæður sé nám í öðrum skólum metið inn sérstaklega ef um nemendur á fyrstu tveimur árum framhaldsskólans sé að ræða).

Námsferlar og brottfall

Lagt verði mat á það með skipulegum hætti hvort VMA skírteini geti haft á för með sér námslok einhverra nemenda sem ella hefðu aldrei séð fram á skilgreind námslok. Notaðar verði upplýsingar um námsferla nemenda t.d. þeirra sem hafa komið á almennar námsbrautir VMA á undanförunum árum og námsferlar þeirra greindir. Hér má benda á rannsókn Hjalta Jóns Sveinssonar skólameistara VMA á afdrifum nemenda á almennri braut.

Texti á skírteini tilgreini áherslu:

Að þróaðar verði viðmiðanir um texta sem verði á skírteininu svo sem að um almennt undirbúningsnám sé að ræða, að viðkomandi hafi lokið t.d. grunnámi bygginga- og mannvirkjagreina eða annarri sérhæfðri grunnnámsbraut eða fyrrihlutanámi.

Yfirlit um námsleiðir

Að unnið verði yfirlit um þær námsbrautir í námskrá VMA 2009-2010 sem gætu talist til svona skírteinis eða að miðað sé við kröfur þeirra þegar skírteinið er gefið út. Einnig verði kortlagðar námsleiðir sem ræddar hafa verið og myndu falla að þessu styttra skírteini.

Ekki fastákveðnir áfangar í bóknámi.

Að skoðaðar verði fleiri útfærslur á námsbrautum sem sérstaklega miða að því að koma til móts við nemendur sem eiga mjög misgott með bóknám. Þar má nefna að miða mætti við að nemendur eigi bara að ljúka ákveðnum fjölda eininga í ákveðnum bóknámsgreinum en ekki ákveðnum áföngum. Þannig verði hægt að miða við að nemandi sem hefur mjög góða bóklega stöðu við lok grunnskóla haldi áfram en annar með laka stöðu taki upprifjunaráfanga en báðir fái t.d. 12 fein sem uppfylli þá kröfur um bóknám í viðkomandi grein á námsbrautinni. Þar má nefna tillögur um grunnám í matvæla- veitinga- og ferðaþjónustugreinum sem skólinn fékk styrk til að vinna að og hefur skilað áfangaskýrslu þar að lútandi.

Samþætta nám í framhaldsskóla við önnur réttindasvið.

Að skoðaðar verði leiðir til að samþætta nám við VMA við nám/námskeið/réttindi sem nú telst ekki til hefðbundis náms í framhaldsskóla. Til dæmis sú leið sem nefnd er hér að framan um nám til vinnuvélaréttinda geti tengst námi á ákveðnum brautum í VMA svo sem málmsmiðanámi þannig að til verði grunnám sem undirbúi fólk fyrir störf í jarðvinnu og mannvirkjagerð. Hugsanlega ætti að tengja saman húsbyggingar og almenna mannvirkjagerð með umfjöllun og verklegri þjálfun í almennum öryggisatriðum og efnisfræði.

Gildi á vinnumarkaði

Að samráð verði haft við vinnuveitendur um það hvort slíkt skírteini geti haft gildi sem umsögn um viðkomandi þegar nemandi sækir um vinnu.

Kynning til menntakerfisins og samfélagsins

Eðlilegt er að VMA kynni þessar hugmyndir bæði á byrjunarstigi og þegar nær dregur því að ljúka undirbúningi. Hugsanlega gefast tækifæri á ráðstefnum eða samráðsfundum

framhaldsskóla en líka þarf að kynna grunnskólum og samfélaginu í kringum skólann hvað er verið að gera. Enda gerir ráðuneytið ráð fyrir því að fái skólar styrki þá eigi verkefnið að nýtast öðrum skólum.

Annað tengt verkefninu

Við skólann er mikil þekking kennara og stjórnenda á þörfum nemenda sem ekki hafa náð að ljúka öllum námsmarkmiðum grunnskólans og má þar m.a. nefna áfangann NSK (náms- og starfskynning) þar sem nemendur á almennt braut fá tækifæri til að kynnast á sinni fyrstu önn nokkrum verknámsbrautum innan skólans. Með þeirri þróun sem fram kemur í styrkbeiðninni er skólinn að yfirfæra þekkinguna og reynsluna af NSK á breiðari grundvelli. Hagsmunir nemenda eru miklir þar sem þeir munu fá skírteini sem sýnir að þeir hafi lokið skilgreindum einingum og ætti þannig skírteini að hjálpa nemendum til frekara náms og/eða til að gera stöðu þeirra á vinnumarkaði sterkari.

Þá má nefna það að Ásdís Birgisdóttir námsráðgjafi við skólann mun á næsta skólaári gera meistaraþrófsrannsókn sem ber yfirskriftina: *Hvað getur framhaldsskólinn gert til að styðja við nemendur í brotthvarfshættu? Áætlun til að draga úr brotthvarfi nemenda við Verkmenntaskólann á Akureyri*. Jafnframt fjallaði meistaraþrófsritgerð (2009) Hjalta Jóns Sveinssonar skólameistara um það hvers vegna sumir illa staddir nemendur hætta námi í VMA á meðan aðrir halda áfram. Rannsóknarspurningin sem lögð var til grundvallar í þeirri rannsókn var *hvernig á því standi að sumir þeir nemendur sem innritast hafa á Almenna námsbraut 1 í VMA hafi hætt eftir fremur skamma viðdvöl, þrátt fyrir ýmis úrræði sem þeim stóðu til boða, en aðrir haldið áfram*. Þessir nemendur eiga það sameiginlegt að hafa ekki náð tilskildum árangri í tveimur greinum eða fleirum á samræmdum prófum í 10. bekk grunnskóla. Þessar rannsóknir munu nýtast í þeirri undirbúningsvinnu sem framundan er fáið styrkur til verkefnisins.

Fjölbreyttni í námsframboði í VMA er mikil og innan skólans eru mörg tækifæri til að útbúa námsleiðir sem henta nemendum og uppfylla skilyrði til framhaldsskólaprófs.

Hjalti Jón Sveinsson
Skólameistari VMA